



Rannsóknasjóður



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Samfélag án aðgreiningar?

Kosningaþátttaka innflytjenda á Íslandi 2017 og 2018. Frumskýrsla.

Grétar Þór Eypórsson
Háskólinn á Akureyri | 2019
ISBN 978-9935-437-96-9

Efnisyfirlit

Skrá yfir töflur	ii
Skrá yfir myndir	iii
Samantekt	4
1. Inngangur.....	5
2. Söfnun gagna	6
3. Um fyrri rannsóknir og reynslu á kosningaþátttöku innflytjenda.....	8
4. Greining niðurstaðna	9
4.1 Bakgrunnur þátttakenda.....	9
4.2 Kosningaþátttaka innflytjenda til Alþingis og sveitarstjórna	11
4.3 Kosningaþátttaka greind eftir bakgrunnsbreytum	13
<i>Kynferði.....</i>	13
<i>Aldur</i>	14
<i>Búseta á Íslandi</i>	15
<i>Upprunaland (svæði)</i>	16
<i>Lengd búsetu á Íslandi</i>	17
<i>Eigið mat á Íslenskukunnáttu</i>	18
<i>Traust til Alþingis.....</i>	19
5. Lokaorð	21
6. Heimildaskrá	22

Skrá yfir töflur

Tafla 1. Þátttakendur eftir landshlutum fjöldi og hlutfall (%).....	7
Tafla 2. Uppruni þátttakenda fjöldi og hlutfall (%).....	9
Tafla 3. Aldursdreifing þátttakenda.....	10
Tafla 4. Lengd búsetu á Íslandi.	10

Skrá yfir myndir

Mynd 1. Kynjaskipting þáttakenda.	10
Mynd 2 Þátttaka innflytjenda í sveitarstjórnarkosningunum 2018 (%).	11
Mynd 3 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 í %.	12
Mynd 4 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, samanborið við heildarþátttöku (%).	13
Mynd 5 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, eftir kynferði (%).	14
Mynd 6 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, eftir aldri (%).	15
Mynd 7 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, eftir búsetu (%).	16
Mynd 8 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, eftir upprunalandi (svæði) (%).	17
Mynd 9 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, eftir lengd búsetu á Íslandi (%).	18
Mynd 10 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, eftir mati á eigin Íslenskukunnáttu (%).	19
Mynd 11 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, eftir trausti til Alþingis (%).	20

Samantekt

Spurningakönnun um aðlögun innflytjenda á Íslandi „How is your life in Iceland?“ var framkvæmd haustið 2018. Þátttakendur í könnuninni voru alls 2211 á aldrinum 18-80 ára, eða rétt um 5% allra innflytjenda sem áætlað er að búsettir séu á Íslandi. Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri hafði yfirumsjón með gagnaöfluninni en notast var við rafrænan spurningalista og snjóboltaúrtak við val á þátttakendum. Konur voru í meirihluta þátttakenda, eða 66,5% á móti 33,5% karla. Flestir þátttakendur voru á aldrinum 26 – 40 ára (58,5%) en færstir á aldrinum 67 – 80 ára (0,5%). Þá hafði meirihluti þátttakenda (69%) búið á Íslandi í þrjú ár eða lengur.

Helstu niðurstöður eru þessar:

- Kjörsókn innflytjenda er langt undir heildarkjörsókn í kosningum til Alþingis og sveitastjórna.
- Kjörsókn þeirra er þó mun meiri til sveitarstjórna en til Alþingis.
- Konur meðal innflytjenda kjósa fremur en karlar, líkt og í kjósendahópnum í landinu.
- Yngri innflytjendur kjósa síður en eldri, líkt og tilfellið er kjósendahópnum í landinu.
- Kjörsókn er mun betri í sveitarfélögunum í rannsókninni sem staðsett eru utan höfuðborgarsvæðisins og rauna alls suðvestur horns landsins.
- Kjörsókn er mun betri meðal þeirra sem hafa betri tök á íslensku tungumáli.
- Kjörsókn betri eftir því sem traust til Alþingis er minna.

1. Inngangurⁱ

Árið 2018 hófst rannsóknarverkefnið „*Samfélög án aðgreiningar? Aðlögun innflytjenda á Íslandi*“ við Háskólann á Akureyri. Verkefninu er stýrt af Háskólanum á Akureyri en að auki koma tíu samstarfsaðilar og sérfræðingar frá öðrum háskólum og stofnunum að því. Ábyrgðarmaður og yfirstjórnandi verkefnisins er Markus Hermann Meckl prófessor við Háskólann á Akureyri. Rannsóknarverkefnið fékk styrk frá Rannsóknarsjóði vorið 2018 (styrk nr. 184903-051).

Rannsóknin miðar fyrst og fremst að því að bera saman aðlögunarmynstur innflytjenda í sveitarfélögum víðs vegar um landið. Fáar ef nokkur jafn viðamikil rannsókn á málefnum innflytjenda hafa verið gerðar hérlandis. Markmið könnunarinnar var að fá innsýn í stöðu innflytjenda í íslensku samfélagi og var áhersla lögð á þætti er varða tungumál, atvinnu, menntun, þátttöku, menningu og hamingju. Jafnhliða þessu var einnig gerð könnun á viðhorfum Íslendinga til fjölmennningar og innflytjenda. Tólf sveitarfélög og svæði voru skoðuð sérstaklega þar sem að þau uppfylltu skilyrði rannsóknarinnar um fjölda búsettra innflytjenda á svæðinu (sjá töflu 1). Gagnasöfnun meðal innflytjenda fór fram í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og tungumálaskóla með starfsemi á svæðunum tólf. Ekki er því um tilviljanaúrtak meðal innflytjenda á öllu landinu að ræða. Í þessari skýrslu er augum beint að þátttöku innflytjenda í stjórnmálum, nánar tiltekið eru greind gögn sem sýna þátttöku þeirra í Alþingiskosningunum 2017 og í Sveitarstjórnarkosningunum 2018, en spurt var sérstaklega um þetta í könnuninni.

2. Söfnun gagna

Könnunin var framkvæmd af Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri og öll meðferð gagna var í samræmi við almennar kröfur um megindlegar rannsóknir. Gagnaöflun fór fram haustið 2018 og var í formi rafrænnar spurningakönnunar sem aðgengileg var á sjö tungumálum og innihélt 39 númeraðar spurningar. Könnunina var hægt að taka í gegnum tölvu, spjaldtölvur og snjallsíma. Fyrir fram hafði verið ákveðið að notast við snjóboltaúrtak og að símenntunarstöðvar myndu gegna þar lykilhlutverki við að koma snjóboltanum af stað. Þegar slík úrtaksaðferð er notuð, þá er fyrst valinn hópur einstaklinga sem fellur að úrtakslýsingunni. Því næst er bætt við fleiri einstaklingum, gjarnan með þeim hætti að þeir sem fyrst var talað við benda á aðra til að taka þátt. Þannig stækkar úrtakshópurinn jafnt og þétt eins og snjóbolti sem rúllað er áfram. Þessi aðferð hefur þótt góð og árangursrík þegar könnuð eru viðkvæm málefni eða ef um er að ræða hóp sem erfitt er að ná til með hefðbundnari úrtaksaðferðum (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2013;124). Snjóboltaúrtak skilar hins vegar ekki slembiúrtaki og hentar að því leyti ekki vel til að draga ályktanir um stærðir í þýði. Hins vegar er ekki að sama skapi vandkvæðum bundið að nota slík úrtök til að draga ályktanir um tengsl milli breyta í þýði (Atkinson og Flint, 2001).

Alls komu þrettán símenntunarmiðstöðvar og málaskólar að söfnun gagna. Helstu skilyrði voru að viðkomandi símenntunarmiðstöð eða tungumálaskóli væri með þjónustu á þeim svæðum sem sérstaklega voru til skoðunar. Þátttakendur voru; Austurbrú, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Fræðslunetið – Símenntun á Suðurlandi, Fullorðinsfræðslan – Iceschool, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Mímir, Múltíkúltí, Námsflokkar Hafnarfjarðar, Retor – Fræðsla, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, The Tin Can Factory og Viska Vestmannaeyjum. En auk símenntunarmiðstöðva og tungumálaskóla komu félagasamtök, stofnanir og einstaklingar að verkefninu á seinni stigum.

Miðað var við skilgreiningu Hagstofu Íslands á því hver teldist innflytjandi: „*Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar hans og báðar ömmur*“ (Hagstofa Íslands, 2018). Símenntunarmiðstöðvar fengu frjálsar hendur um það hvernig fyrstu hóparnir í úrtakinu voru valdir, svo lengi sem viðkomandi félli að áður nefndri skilgreiningu á hugtakinu innflytjandi.

Könnunin hófst í byrjun október og lauk í byrjun desember eftir að hafa staðið í 10 vikur. Alls svöruðu 2211 könnuninni og af þeim gáfu 65 ekki upp póstnúmer. Sé einungis miðað við svörun fyrstu tvær vikur gagnasöfnunarinnar má áætla að um fjórðungur svara hafi komið fyrir tilstuðlan símenntunarmiðstöðva og tungumálaskóla. Önnur svör komu í gegnum herferðir á lokuðum hópum innflytjenda á Facebook og með hjálp ýmissa félagasamtaka. Ágætlega gekk að fá svör í flestum landshlutum, þó var áberandi hæst hlutfall þátttakenda fráhöfuðborgarsvæðinu. Þar munar miklu um svörun í gegnum samfélagsmiðla, en farið var í slíka herferð á seinni stigum könnunarinnar. Rétt rúmlega helmingur svarenda er búsettur á höfuðborgarsvæðinu og er það nokkuð í takt við það sem búist var við í upphafi rannsóknarinnar.

Tafla 1. Þátttakendur eftir landshlutum fjöldi og hlutfall (%).

Svæði	Fjöldi	Hlutfall (%)
Reykjavík	806	37,6
Höfuðborgarsvæðið utan Rvk.	348	16,2
Suðurnes	263	12,3
Vesturland	163	7,6
Vestfirðir	75	3,5
Norðurland	223	10,4
Austurland	51	2,4
Suðurland	217	10,1
Alls	2146	100,0

3. Um fyrri rannsóknir og reynslu af kosningabátttöku innflytjenda

Bátttaka innflytjenda í kosningum hefur verið rannsökuð áður, bæði á Íslandi og erlendis. Má hér fyrst nefna íslenska könnun sem gerð var meðal innflytjenda árin 2008 - 2009 kom í ljós að um fjórðungur þeirra hafði kosið í sveitarstjórnarkosningunum árið 2006. Ennfremur að kjörsókn var betri meðal fólks frá Norðurlöndunum og V-Evrópu en mun lakari t.d. meðal fólks með uppruna í Eystrasaltslöndunum (Vala Jónsdóttir ofl. 2009).

Kosningabátttaka innflytjenda í Svíþjóð í kosningunum 2014 var könnuð. Þar mældist kjörsóknin um 35 prósent, eins og hún hafði reyndar verið í öllum kosningum frá og með 1998. Þá kom fram í rannsókninni að fyrir utan Svía voru það kjósendur með ríkisfang á öðrum Norðurlöndum og frá Afríku sem skiluðu sér best á kjörstað (ríflega 40 prósent). Þetta átti þó einungis við kosningar til sveitarstjórna enda réttur þeirra ekki víðtækari (Statistiska Centralbyrån 2015). Einnig verður að hafa í huga að í Svíþjóð er kosið til þings og sveitarstjórna á sama tíma.

Kjörsókn innflytjenda í sveitarstjórnarkosningum í Noregi 1987 – 2007 var á bilinu 26% - 40% (Bergh og Bjørklund 2009, bls. 72). Loks sýnir dönsk skýrsla úr rannsókn í 25 sveitarfélögum að kjörsókn innflytjenda í Danmörku í sveitarstjórnarkosningunum 2001 var liðlega 40 prósent (Hogeby 2006).

4. Greining niðurstaðna

Niðurstöðurnar sem hér verður fjallað um byggja á þeim meginlegu gögnum sem söfnuðust haustið 2018 rannsóknarverkefninu „*Samfélög án aðgreiningar? Aðlögun innflytjenda á Íslandi*“. Samkvæmt lögum númer 90/2018 um persónuvernd er ekki leyfilegt að láta af hendi eða birta niðurstöður sem mögulega persónugreina einstaklinga. Því er ekki hægt að birta niðurstöður þar sem með einhverjum hætti er hægt að auðkenna einstaka fyrirtæki, bæjarfélög eða persónur. Hins vegar geta niðurstöður mögulega gefið okkur vísbendingar um upplifun eftir búsetusvæðum.


4.1 Bakgrunnur þátttakenda

Auk almennra bakgrunnsspurninga um aldur, kyn, menntun, búsetu og atvinnu voru einnig ítarlegri spurningar er sneru að fjölda íslenskunámskeiða, búsetulengd og í hvaða heimshluta eða svæði viðkomandi er fæddur. Í þessum kafla verður farið yfir allar bakgrunnsspurningar og þær settar í samhengi við efnisspurningar.

Tafla 2. Uppruni þátttakenda fjöldi og hlutfall (%).

Svæði	Fjöldi	Hlutfall (%)
Mið- eða A. Evrópu	1440	65
Norðurlöndunum, V. Evrópu eða N. Ameríku	483	22
Asíu	140	6,5
Afríku	40	2
S. Ameríku	27	1
Mið- Ameríku	7	0,5
Annarsstaðar	67	3

Til þess að varðveita trúnað við þátttakendur í könnuninni, þá var ekki spurt þjóðerni beint heldur aðeins að viðkomandi tilgreindi frá hvaða svæðum eða heimsálfum þeir koma frá. Gefnir voru fimm mögulegir svarkostir; Suður Ameríka, Mið- Ameríka, Afríka, Asía, Mið- eða Austur Evrópa og svo Vestur Evrópa, Norður Ameríka eða Norðurlöndin. Út frá fyrirbyggjandi gögnum bæði frá Hagstofu Íslands og Fjölmenningarsetri, er þessi niðurstaða nokkuð í takt við áætlaðan uppruna innflytjenda almennt og gefur því vísbendingu um að gagnasafnið sé lýsandi fyrir þýðið í heild. Innflytjendur frá Evrópu og Norðurlöndunum hafa verið fjölmennastir á Íslandi undanfarin ár og því næst koma innflytjendur frá Asíu (Hagstofa Íslands, 2018; Rúnar Helgi Haraldsson, 2017).



Mynd 1. Kynjaskipting þátttakenda.

Konur voru í meirihluta svarenda eða um 2/3 þeirra sem gáfu upp kyn. Er það talsvert frá því að endurspegla kynjahlutfall innflytjenda á Íslandi, þar sem að karlkyns innflytjendur hafa jafnan verið fleiri (Hagstofa Íslands, 2018^b).

Aldursskipting þátttakenda er nokkuð í takt við tölur Hagstofu Íslands sem sýna svipaða aldursskiptingu hjá innflytjendum á Íslandi.

Flestir þátttakendur eru við neðra miðmark, 26 - 40 ára, og fæstir við efsta mark, 67 – 80 ára. Vegna þess hve fáir voru í efsta aldursbili, voru efstu tveir aldursflokkarnir sameinaðir í töflum. Upprunalegu aldursskiptinguna má þó skoða í töflu 3 hér að neðan.

Tafla 3. Aldursdreifing þátttakenda.

Aldur	Karlar		Konur		Allir	
	Fjöldi	Hlutfall (%)	Fjöldi	Hlutfall (%)	Fjöldi	Hlutfall (%)
18 - 25 ára	81	11	193	13,2	275	12,5
26 - 40 ára	430	58	854	58,5	1286	58,5
41 - 66 ára	218	30	407	28	628	28,5
67 - 80 ára	5	1	5	0,3	10	0,5
Samtals	734	100	1459	100	2193	100,0

Þátttakendur voru spurðir að því hversu lengi þeir hefðu búið á Íslandi og flestir þeirra höfðu búið á landinu í þrjú ár eða lengur (69%). Nánar má skoða búsetulengd í töflu 4.


Tafla 4. Lengd búsetu á Íslandi.

Búsetulengd á Íslandi	Fjöldi	Hlutfall (%)
Minna en 1 ár	209	10
1-2 ár	465	21
3-5 ár	486	22
6-10 ár	407	19
11-20 ár	532	24
Lengur en 20 ár	93	4

4.2 Kosningaþátttaka innflytjenda til Alþingis og sveitarstjórna


Í þeim greiningum sem hér fara á eftir hafa þeir sem svöruðu því til að þeir hefðu ekki haft kosningarétt verið teknir út og sýna myndirnar því skiptingu svara þeirra sem höfðu kosningarétt. Tölurnar eiga því að sýna raunverulega kjörsókn innflytjenda á hverjum stað eða svæði.

Mynd 2 sýnir okkur kjörsókn í Sveitarstjórnarkosningunum þann 26. Maí 2018. Rétt um 30 prósent (30,3%) sögðust hafa kosið í þeim kosningum. Um 10 prósent svöruðu því til að þeir hafi annaðhvort ekki vitað af kosningunum eða vitað að þeir hefðu kosningarétt.




Mynd 2 Þátttaka innflytjenda í sveitarstjórnarkosningunum 2018 (%).

Á Mynd 3 sést kjörsóknin í Alþingiskosningunum þann 28. október 2017. Rétt um 19 prósent (19,1%) sögðust hafa kosið í þeim kosningum. Rúmlega 9 prósent svöruðu því til að þeir hafi annaðhvort ekki vitað af kosningunum eða vitað að þeir hefðu kosningarétt.



Mynd 3 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 í %.

Mynd 4 sýnir síðan samanburð á kjörsókn innflytjenda í báðum kosningunum í samanburði við kjörsókn allra kosningabærra í landinu. Á henni sést glögglega hversu mikill munur er á kjörsókn meðal innflytjenda og svo heildarinnar – í Sveitarstjórnarkosningunum var hún 36,9 prósentustigum lægri meðal innflytjenda og munurinn þar 2,2 faldur. Í Alþingiskosningunum haustið áður er munurinn þó enn meiri en munurinn er þar 62,1 prósentustig og munurinn 4,25 faldur.



Mynd 4 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, samanborið við heildarþátttöku (%).


Eftir stendur því að kjörsókn meðal innflytjenda er miklum mun minni en heildarinnar og að sá munur er nær tvöfalt meiri í Alþingiskosningunum en í Sveitarstjórnarkosningunum. Það er því ótvírætt að í þeim sveitarfélögum og svæðum þar sem könnunin var gerð eru innflytjendur líklegri til að taka þátt í staðbundnu kosningunum en í kosningunum á landsvísu.

4.3 Kosningaþátttaka greind eftir bakgrunnsbreytum

Í þessum hluta verður kosningaþátttaka innflytjenda sem kusu í Alþingiskosningunum 2017 og/eða Sveitarstjórnarkosningunum 2018, greind eftir nokkrum bakgrunnsbreytum. Þær eru: kynferði, aldur, búseta, upprunaland, lengd búsetu á Íslandi, traust til Alþingis og loks eigið mat á Íslenskukunnáttu.

Kynferði

Það er kemur skýrt fram á mynd 5 að konur í hópi innflytjenda nýttu sér réttinn til að kjósa í mun meiri mæli en karlarnir. Munar um 10 prósentustigum á milli kynjanna í báðum kosningunum sem spurt var um.




Mynd 5 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, eftir kynferði (%).

Þessi kynjamunur er mun meiri en ef litið er til heildarþátttöku kynjanna í sömu kosningum. Í báðum tilfellum var þó meiri kjörsókn meðal kvenna, en munurinn á kynjunum þar einungis um eða yfir 2 prósentustigum. Kynjamunur á kjörsókn innflytjenda er því verulega mikið meiri en gengur og gerist meðal kjósenda (www.hagstofa.is).

Aldur

Í báðum kosningunum er línuleg fylgni í kjörsókn í nokkrum aldurshópum. Á mynd 6 kemur skýrt fram að kjörsóknin eykst eftir því sem innflytjendur eru eldri. Verulegur munur er milli yngsta og elsta hópsins. Athyglisvert er að kjörsókn í elsta hópnum í Sveitarstjórnarkosningunum 2018 er meiri en hún var á landsvísu. Í yngsta hópnum er hún þó verulega mikið minni.




Mynd 6 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, eftir aldri (%).

Sama mynstur er í kjörsókn eftir aldurshópum þegar heildarkjörsókn í Sveitarstjórnarkosningum 2014 og 2018 sem og í Alþingiskosningunum 2017 er skoðuð. Þeir yngstu kjósa síst allra en kjörsókn vex með hækkandi aldri (Hagtíðindi 2017; www.hagstofa.is).

Búseta á Íslandi

Vegna þess hve fáir innflytjendur eru í sumum sveitarfélögum eða svæðum í landinu þurfti að slá nokkrum þeirra saman í greiningu á kjörsókn. Þannig eru til dæmis Vestfirðir og Norðurland vestra eitt svæði sem og Norðurland eystra þó svo Akureyri sé þar innan. Líkt og við höfum séð í öðrum greiningum þá er kjörsókn allsstaðar betri í Sveitarstjórnarkosningunum en í Alþingiskosningunum. Á 5 svæðum er kjörsóknin til sveitarstjórna meiri en heildarkjörsókn (30,3%) í könnuninni og á 4 svæðum til Alþingis (19,1%). Í báðum tilvikum eru öll þessi svæði utan Suðvesturhorns landsins, þar sem flestir búa og flest af stærri sveitarfélögum eru.




Mynd 7 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, eftir búsetu (%).

Hér má því velta upp þeirri spurningu hvort búseta innflytjenda í fámennari samfélögunum ýti undir þátttöku og afskipti vegna þess að þeir aðlagist samfélaginu betur. Þetta er þó einungis tilgáta sem er með öllu óstaðfest, en tölurnar sýna skýran mun í kjörsókn og gefur tilefni til þess að tilgátan verði könnuð frekar.

Upprunaland (svæði)

Er munur á aðlögun innflytjenda eftir því í hvaða landi þeir eru fæddir? Aðlagast innflytjendur frá hinum vestræna heimi betur á Íslandi? Ættu þeir ekki að gera það? Það vitum við ekki og þegar svör við spurningunni hvort þeir hafi kosið 2017 og 2018 eru greind, fæst ekkert afgerandi svar við henni. Einungis innflytjendur frá Afríku og Asíu kjósa frekar en meðaltal allra til Alþingis og það sama gildir um kosningar til sveitastjóna nema hvað að þar er þátttaka innflytjenda frá Norðurlöndum, Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku einnig vel yfir heildarmeðaltali.




Mynd 8 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, eftir upprunalandi (svæði) (%).

Lægstir eru þeir innflytjendur sem eiga uppruna í Suður- og Mið-Ameríku sem og í Mið- og Austur Evrópu. Ekki verður í fljótu bragði séð af hverju sá munur geti stafað. Ennfremur af hverju innflytjendur frá Afríku eða Asíu eru líklegri til að kjósa en innflytjendur frá öðrum svæðum eða álfum.

Lengd búsetu á Íslandi

Lengd búsetu er breyta sem virðist skýra kjörsókn innflytjenda mjög vel. Þeim lengur sem fólki hefur búið á Íslandi, þeim líklegra er það til að kjósa. Kosningaréttur til Alþingis er háður ríkisborgararétti og því er eðlilegt að þátttaka í þeim kosningum mælist varla fyrr en eftir 5 ára búsetu. Hún stigvex hinsvegar með tímanum og virðist vera meiri en heildarkjörsókn þegar komið er yfir 20 ára búsetu (84,1%). Svipað gildir um þátttöku í kosningum til sveitarstjórna.




Mynd 9 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, eftir lengd búsetu á Íslandi (%).

Þar er þó þátttakan meiri, líkt og við höfum séð í öðrum greiningum hér að framan. Hinsvegar er kosningaréttur til sveitarstjórna veittur borgurum Norðurlandanna eftir þriggja ára búsetu. Því virðist þátttaka aukast heldur fyrr til sveitastjórna en til Alþingis. Hún er einnig vel yfir heildarkjörsókn þegar komið er yfir 20 ára búsetu (87,8%). Þessar niðurstöður mætti túlka þannig að aðlögun innflytjenda taki nokkurn tíma, hvað varðar þátttöku í kosningum að minnsta kosti.

Eigið mat á Íslenskukunnáttu

Það kann að vera rökrétt að þátttaka í stjórnmálum og ekki síður kosningum standi í tengslum við það hvernig innflytjanda hefur tekist að ná tökum á Íslensku máli. Þá ætti þátttaka að verða meiri eftir því sem kunnáttan er meiri. Þar kunna þó að vera einhver mörk sem skipta máli, þ.e. til þess að viðkomandi geti sett sig inn í málefni og greint rökræðu og kappræðu á sviði stjórnmálanna. Á Mynd 10 sjást tengslin þarna á milli. Í stuttu máli virðast kunnátta í Íslensku (hér að eigin mati) og þátttaka í kosningunum 2017 og 2018 vera sterklega tengd. Þetta gildir jafnt um báðar kosningarnar en það kemur skýrt fram að þátttaka þeirra sem telja sig tala málið mjög vel er langmest og raunar ekki svo fjarri heildarþátttöku í kosningunum.




Mynd 10 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, eftir mati á eigin Íslenskukunnáttu (%).

Þeir sem segjast tala Íslenskuna mjög eða frekar illa taka að litlu leyti þátt í kosningum og er það í samræmi við þá tilgátu sem sett var fram.

Traust til Alþingis

Í könnuninni var spurt um það hvort fólk bæri traust til Alþingis. Því gefst tækifæri til að greina kjörsókn innflytjendanna við viðhorf til stjórnmalanna en ekki eingöngu ýmisskonar bakgrunn þeirra. Mynd 11 sýnir hvernig kjörsóknin stendur í sambandi við traust til Alþingis. Í könnun Gallup sem birt var í júní 2018 sögðust 22 prósent bera mikið traust til Alþingis (www.gallup.is)ⁱⁱ.



Mynd 11 Þátttaka innflytjenda í Alþingiskosningunum 2017 og Sveitarstjórnarkosningunum 2018, eftir trausti til Alþingis (%).

Í þessari greiningu kemur það fram að þeir innflytjendur sem bera lítið eða ekkert traust til Alþingis taka mun frekar þátt í kosningum. Gildir það um bæði kosningar til Alþingis og sveitastjórna. Sé sérstaklega lítið til kjörsóknar til Alþingis er kjörsóknin 30-34 prósent í hópi þeirra sem bera lítið sem ekkert traust til þingsins eða mun meira en heildarniðurstaðan úr könnun Gallup frá 2018. Traustið er hinsvegar um eða undir 20 prósentum meðal þeirra sem bera mikið traust til þingsins. Hlýtur það að teljast vera athyglivert að minna traust leiði af sér meiri áhuga á að velja á löggjafarsamkunduna.

5. Lokaorð

Niðurstöðurnar sýna okkur að kjörsókn innflytjenda er langt undir heildarkjörsókn í kosningum til Alþingis og sveitastjórna og mun minni til Alþingis en til sveitarstjórna. Þær gefa einnig til kynna að konur kjósi fremur en karlar, líkt og raunin er þegar litið er til allra kjósenda. Þá er kjörsókn tengd aldri meðal innflytjendanna, þ.e. að hún er áberandi slökust meðal yngri kjósendanna og best meðal þeirra eldri og elstu. Þetta er einnig líkt mynstur og meðal allra kjósenda í landinu. Búseta virðist skipta máli í þessu samhengi. Kjörsókn innflytjenda er áberandi betri í sveitarfélögum og á svæðum utan suðvestur horns landsins. Þetta er ekki í samræmi við kjörsókn almennt í landinu og því er hér um að ræða eitthvað sem virðist sértækt fyrir innflytjendurna. Hvort aðlögun þeirra sé mögulega meiri í smærri samfélögum hlýtur að vera spurning sem vaknar við þetta. Að minnsta kosti væri þetta vert frekari athugunar. Þá tengist kunnáttan í tungumálinu einnig kjörsókninni, betri tók á íslensku þýða auknar líkur á því að viðkomandi taki þátt í kosningum. Loks ber að geta þeirra niðurstaðna að þeim minna traust sem innflytjendur bera til Alþingis þeim líklegri eru þeir til að kjósa. Það kallar á frekari athugun, til dæmis í formi viðtala eða rýnihópa.

Veruleg líkindi eru með niðurstöðum hér og niðurstöðum annarra rannsókna á kosningaþátttöku innflytjenda. Íslenska rannsóknin sem beindist að kjörsókn í Sveitarstjórnarkosningunum 2006 sýndi að kjörsókn þá var um 25 prósent – í þessari könnun mældist hún um 30 prósent. Einnig benti hún til að íbúar Norðurlanda og V-Evrópu skiluðu sér betur á kjörstaðir en aðrir innflytjendur. Þetta stemmir að hluta til við niðurstöðurnar hér. Hér reyndust innflytjendur með uppruna í Asíu og Afríku ekki síður kjósa. Það var einmitt niðurstaða SCB á sænsku kosningunum 2014 að fólk með uppruna í Afríku skilaði sér betur á kjörstað sem og fólk frá öðrum Norðurlöndum. Auk þess var heildarkjörsókn í Svíþjóð 2014 um 35 prósent. Sömu sögu er að segja um þau gögn sem sýndu hér að framan um kjörsókn í sveitarstjórnarkosningum í Danmörku og Noregi. Það er því ljóst að þessar kannanir gefa að ýmsu leyti svipaðar niðurstöður. Í okkar könnun nú, er þó að finna ítarlegri greiningar en finna má í hinum tveimur sem getið er hér að framan.

6. Heimildaskrá

- Atkinson, R. og Flint, J. (2001). *Accessing hidden and hard-to-reach populations: Snowball research strategies*. Sótt 3. mars 2019 af <http://sru.soc.surrey.ac.uk/SRU33.PDF>
- Bergh J & Björklund T (2009). *Få deltok, mange ble valgt: Innvandrerne og valget 2007*. Í: Saglie J (ritstj.). *Det Nære Demokratiet – lokalvalg og lokal deltakelse*. Trondheim. Abstrakt Forlag AS.
- Hagstofa Íslands. (2017) *Hagtíðindi. Alþingiskosningar 28. október 2017. 21. desember 2017*. Sótt 18. Júní 2019 af https://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/4a70b304-09ff-4c6b-adcf-050ac2bef384/pub_doc_NrY8Wp9.pdf
- Hagstofa Íslands. (2014) *Kjörsókn eftir aldri í sveitarstjórnarkosningum 31. maí 2014 26. september 2014*. Sótt 18. Júní 2019 af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/kosningar/kjorsokn-eftir-aldri-i-sveitarstjornarkosningum-31-mai-2014>.
- Hagstofa Íslands. (2018). *Innflytjendum heldur áfram að fjölga*. Sótt 4. mars 2019 af https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-eftir-bakgrunni-2018/Lög_um_persónuvernd_og_vinnslu_persónuupplýsinga_nr._90/2018.
- Hagstofa Íslands. (2018). *Íbúar fæddir erlendis eftir bakgrunni, kyni og fæðingarlandi 1996-2018*. Sótt 3. mars 2019 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Uppruni/MAN43000.px/table/tableViewLayout1/?rxid=4a461b4b-1fdd-48a7-8f20-2229ff3fbf83
- Hogeby, L (2006). *Hvorfor er den politiske deltagelse blandt etniske minoriteter i Danmark så forholdsvis høj? Í: Bortom stereotyperne? Invandrere och integration i Danmark och Sverige (2006) Serie: Centrum för Danmarksstudier nr 12. Göteborg & Stockholm. Makadam Förlag.*
- Ómar Hjalti Sölvason og Markus Hermann Meckl (2019). *Samfélag án aðgreiningar? Viðhorf innflytjenda á Íslandi til símenntunar og íslenskunámskeiða*. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.
- Rúnar Helgi Haraldsson. (2017). *Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi 2016*. Sótt 21. febrúar 2019 af <http://old.mcc.is/media/frettir/to%CC%88lfraedisky%CC%81rsla-2017-endanleg-og-uppsett.pdf>
- Statistiska Centralbyrån (2015). *Vilka valde att välja? – Deltagandet i valen 2014*. Statistiska Centralbyrån. Demokratistatistik 19.
- Vala Jónsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir (2009). *Innflytjendur á Íslandi. Viðhorfskönnun*. Reykjavík. Félagsvísindastofnun og Fjölmenningssetur.
- Þórólfur Þórlindsson og Þórlákur Karlsson. (2013). *Úrtök og úrtaksaðferðir í megindlegum rannsóknum*. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls.113-129). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

ⁱ Umfjöllun um rannsóknina, og framkvæmd könnunarinnar er í meginatriðum fengin úr skýrslu Ómars Hjalta Sölvasonar og Markus Hermann Meckl.

ⁱⁱ <https://www.gallup.is/frettir/traust-til-stofnana-haekkar-milli-ara/>